

Nr. 635

1990

8. ágúst 2003

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. tekur gildi 6. janúar 2004. Ákvæði 3. tl. 2. mgr. 4. gr. tekur gildi 31. desember 2004.

Umhverfisráðuneytinu, 8. ágúst 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 636

19. ágúst 2003

**AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar.**

Samkvæmt vatnalaögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, er taki gildi 1. september 2003:

Gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 814, 18. nóvember 2002, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir heitt vatn hækka um 5,8%.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. ágúst 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 637

16. ágúst 2003

**AUGLÝSING
um breytingu á fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög
á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar nr. 439/2002.**

1. gr.

Í fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar frá 7. júní 2002, VI. kafla, um réttir og réttahald, breytist 27. gr. þannig að í Hörgárbyggð, Skriðudeild, verður Staðarbakkarétt aðalrétt í stað Mesaréttar.

2. gr.

Breyting þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjall-skil, o.fl. með síðari breytingu, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 2003.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.